

# STJÓRNARTÍÐINDI A 9 – 2003

26. mars 2003

129

Nr. 46

## LÖG

**um breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga,  
nr. 77 23. maí 2000, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: *Rafræn vöktun*: Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði, og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Hugtakið tekur til:

- a. vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga, og
- b. sjónvarpsvöktunar sem fer fram með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar, án þess að fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.

2. gr.

4. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Rafræn vöktun.*

Rafræn vöktun er ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi. Rafræn vöktun svæðis þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði er jafnframt háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

Vinnsla persónuupplýsinga sem á sér stað í tengslum við rafræna vöktun skal uppfylla ákvæði laga þessara.

Um sjónvarpsvöktun fer, auk ákvæðis 1. mgr., samkvæmt ákvæðum 7., 24., 40. og 41. gr. laganna, svo og eftir því sem við á ákvæðum 31., 32. og 38. gr. laganna.

3. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 26. mars 2003.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Sólveig Pétursdóttir.*

Nr. 47

20. mars 2003

## LÖG

### um eftirlit með skipum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### I. KAFLI

#### Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

*Gildissvið o.fl.*

Lög þessi gilda um öll íslensk skip.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð að lög þessi gildi að hluta eða öllu leyti um erlend skip þegar þau eru í íslenskum höfnum eða innan íslenskrar lögsögu.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð að eftirlit skuli haft með öryggi annarra skipa á sjó, ám og vötnum og hvernig því eftirliti skuli haga.

Ráðherra er enn fremur heimilt að setja reglugerðir um eftirlit með skipum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga samkvæmt samningi um Evrópskt efnahags-svæði, nr. 2/1993, með síðari breytingum.

Farþegaflutningar í atvinnuskyni, þ.m.t. skoðunar- og veiðiferðir ferðamanna, með skipum sem lög þessi gilda um eru háðir leyfi Siglingastofnunar Íslands. Skal slíkt leyfi gefið út þegar leitt er í ljós að fullnægt er ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, svo og ákvæðum annarra laga og reglugerða sem gilda um skip í farþegaflutningum. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um útgáfu og skilyrði leyfis samkvæmt þessari málsgrein, svo og um gjald fyrir útgáfu leyfisins.

Markmið þessara laga er að tryggja öryggi íslenskra skipa, áhafna þeirra og farþega og efla varnir gegn mengun frá skipum. Þessu markmiði skal náð með því að gera tilteknar kröfur um gerð og búnað skipa, skoðun skipa og eftirlit með þeim.

Tilgangur laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim er að laga íslenskan rétt að þjóðréttarlegum skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt ákvæðum alþjóðasamninga og samnings um Evrópska efnahags-svæðið.